



Seltjarnarnesbær

*Undirbúningsnefnd til að fjalla um reiðhjóla-
og göngustíga á Seltjarnarnesi.*

Skýrsla nefndar
nóvember 2013

Efnisyfirlit

Inngangur.....3

 Tillögur og hugmyndir undirbúningsnefndarinnar.....4

Fylgiskjöl

Inngangur.

Á 185. fundi Skipulags- og mannvirkjanefndar Seltjarnarness, 16.04.2013, samþykkti nefndin að leggja til skipan starfhóps til að fjalla um göngu- og hjólastíga á Seltjarnarnesi. Skipan undirbúningsnefndar var samþykkt á 772. (1698.)fundi bæjarstjórnar 24.04.2013, auk þess sem samþykkt var erindisbréf fyrir nefndina (fylgiskjal 1). Hlutverk nefndarinnar var að skoða grunnnet hjólréiða á höfuðborgarsvæðinu, kort af göngu- og hjólastígum höfuðborgarsvæðisins sem sveitarfélögin hafa látið vinna og uppfært reglulega. Skoða tengingar við Reykjavík. Leggja til drög að hjólréiðaáætlun sem ætlað er að skapa umhverfi sem hvetur til göngu og hjólréiða.

Oft á tíðum eru stígar byggðir sem útivistarstígar og uppfylla ekki eðlileg viðmið um greiðar og öruggar samgönguhjólréiðar. Í ljósi þess var nefndinni falið að skoða m.a.:

- Hvernig er hægt að hvetja bæjarbúa til að njóta útivistar með endurnýjun göngu- og hjólastíga.
- Breikkun og/eða nýja göngu- og hjólastíga eftir aðstæðum.
- Hjólandi og gangandi vegfarendum verði auðveldað að komast leiðar sinnar.
- Almenn hvatning til að efla hjólréiðar og göngu.
- Umferðaröryggi.

Nefndina skipuðu Bjarni Torfi Álfþórsson (formaður nefndarinnar), Eiður Sigurjón Eiðsson, Jóhanna Einarsdóttir, Birna Helgadóttir og Brynjúlfur Halldórsson. Baldur Pálsson var skipaður ritari nefndarinnar. Hópurinn kom saman til funda 3 sinnum.

Nefndin leggur hér fram ráðgefandi tillögur til bæjarstjórnar til að fjalla um reiðhjóla- og göngustíga á Seltjarnarnesi. Hér á eftir fara helstu tillögur nefndarinnar ásamt hugmyndum er fram komu á fundum hennar.

Seltjarnarnesi, nóvember 2013.

Tillögur og hugmyndir undirbúningsnefndar

Fundur undirbúningsnefndar vegna umfjöllunar um reiðhjóra- og göngustíga á Seltjarnarnesi hafa fyrst og fremst snúist um þá þætti sem fram koma í erindisbréfi hennar. Með tilliti til þeirra leggur undirbúningsnefndin fram eftirfarandi ráðgefandi tillögur til umfjöllunar um reiðhjóra- og göngustíga á Seltjarnarnesi.

1. Tvöföldun göngu- og hjólastígs kringum nesið. Stígur verði breikkaður og tvöfaldaður (aðskilinn göngu og hjólastígur) þar sem því verður við komið. Í tengslum við þessa tillögu telur hópurinn mikilvægt að breikkun/tvöföldun stíga meðfram Norðurströnd verði sett í forgang.
2. Að ráðist verði í endurbætur á Nesvegi, þar sem lagðir verða aðskildir göngu- og hjólastígar beggja vegna götu (sjá fylgiskjal 2 og 3).
3. Að göngu- og hjólastígar inni í íbúðahverfum verði endurbættir m.t.t. öryggis og aðgengis í samráði við íbúa á hverjum stað. Undirbúningsnefndin leggur til að tillögum varðandi þetta verði safnað meðal íbúa í tengslum við gerð Umferðaröryggisáætlunar Seltjarnarnesbæjar.
4. Þrengt verði að bílaumferð um Lindarbraut, hámarkshraði lækkaður og komið verði fyrir hjólastígum.
5. Hámarkshraði á Norðurströnd og Suðurströnd verði lækkaður til að auka öryggi gangangi og hjólandi auk þess að minnka hljóðmengun.
6. Að ávallt verði gert ráð fyrir umferð göngu- og hjólreiðafólks í allri skipulagsvinnu á vegum Seltjarnarnesbæjar og valdar lausnir sem tryggja að öruggt, auðvelt og ánægjulegt sé að ferðast hjólandi og gangandi. Þannig skapast umhverfi sem hvetur til göngu og hjólreiða sem eykur mannlíf og bætir lífsgæði á Seltjarnarnesi.

Varðandi tillögu 1; Það er skoðun nefndarmanna að bætt aðstaða feli í sér frekari hvatningu til að njóta útivistar. Umræddir göngu- og hjólastígar eru nú þegar mikið notaðir, en með viðbótum og aðskilnaði göngu og hjólastíga (þar sem því verður við komið) eykst bæði aðgengi og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Hvort tveggja má telja mikilvæga forsendu notkunar.

Varðandi tillögu 2; Hjólreiðar hafa stóraukist á undanförunum árum sem samgöngumáti. Stöðugt fleiri nota reiðhjól m.a. til að komast leiðar sinnar milli heimilis og vinnustaðar auk þess sem mörg börn og unglingar á Seltjarnarnesi hjóla til skóla og íþróttæfinga. Nefndarmenn telja brýnt að ráðist verði í endurbætur á Nesvegi og mæla fyrst og fremst með því að þar verði lagðir aðskildir göngu- og hjólastígar beggja vegna götu til þess að hjólandi og gangandi vegfarendum verði auðveldað að komast leiðar sinnar (sjá fylgiskjal 2 og 3). Eins og staðan er í dag er ekki gert sérstaklega ráð fyrir umferð hjólreiðafólks um Nesveg og þar með er ekki til staðar bein tenging milli fyrirhugaðra göngu- og reiðhjólástíga Reykjavíkurborgar um Sörlaskjól við göngu- og reiðhjólástíg við Suðurströnd.

Varðandi tillögu 3; Undirbúningsnefndin telur mikilvægt að göngu- og hjólastígar inni í íbúðahverfum verði endurbættir m.t.t. öryggis og aðgengis í samráði við íbúa á hverjum stað. Það er mikilvægt að mati nefndarmanna að leita til íbúa á hverjum stað þegar kemur að því að auka öryggi göngu- og hjólastíga og leggur því til að tillögum varðandi þetta verði safnað meðal íbúa í hverju hverfi fyrir sig við gerð *Umferðaröryggisáætlunar Seltjarnarnesbæjar*.

Á fundum undirbúningsnefndarinnar var einnig talsvert rætt um gerð göngu- og hjólastígs meðfram ströndinni frá Hrólfsskálavör að Sörlaskjóli. Nefndin taldi að slík framkvæmd væri lykilatíði í tengja stígakerfi Seltjarnarness við stígakerfi Reykjavíkurborgar og þannig efla svæðið allt sem útivistarsvæði. Nefndin lagði til að kannaður yrði kostnaður við slíka framkvæmd. Í ljós kom að hugmyndin er kostnaðarsöm, en gerleg. Undirbúningsnefndin gerir það að tillögu sinni að stígagerð meðfram sjónum verði skoðuð sem fyrst við skipulag umferðarmála Seltjarnarnesbæjar.

Vinna nefndarinnar framkallaði fjölmargar hugmyndir sem nefndarmenn telja að líta megi til þegar kemur að því að hvetja til hjólríða og göngu:

- Að komið verði fyrir góðum hjólastatífum við stofnanir bæjarins drykkjarfonta og aðra „áningarstaði“ meðfram hjólastígum.
- Auka og samræma merkingar á hólástígum.
- Að Seltjarnarnesbær hugi að gerð samgöngusamninga við starfmenn.
- Að athugaður verði möguleiki á malbikun á stígnum kringum golfvöllinn og spurning um að útbúa manir meðfram nokkrum brautum vallarins til að aðskilja stíg og völl.
- Að skoðaðir verði möguleikar á gerð göngustíga á Valhúsahæð.
- Að koma upp/hlú að „áningarstöðum“ í tengslum við áhugaverða staði, þar sem hægt er að leggja hjólum við góð hjólastatíf, upplýsingar verði að finna um staðinn og bekkjum komið fyrir.
- Huga þarf að hjólastígum inni í hverfunum m.t.t. öryggis og þrifa á stígum (glerbrot o.þ.h.).
- Að hvatt verði til bættrar „hjólamenningar“, nota bjöllur og virða merkingar.
- Að koma upp velli fyrir „hjólafærni“.
- Að uppfæra kort fyrir göngu- og hjólastíga.

Undirbúningsnefndin hvetur til þess að framangreindar hugmyndir verði teknar til skoðunar þegar fjallað verður um útivist og umferð gangandi og hjólandi vegfarenda um Seltjarnarnes.

- ✓ Vakin skal athyli á því að eftir síðasta fund undirbúningsnefndarinnar barst Seltjarnarnesbæ erindi frá Landssamtökum hjólríðamanna með ýmiskonar fræðsluefni – málsnr. 2013100043.

Erindisbréf

Undirbúningsnefnd til að fjalla um reiðhjóra- og göngustíga á Seltjarnarnesi.

Ábyrgðarmaður:

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri.

Baldur Pálsson, ritari nefndarinnar.

Undirbúningsnefnd:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Barðaströnd 41, gsm 863-6451, bjarni@seltjarnarnes.is

Eiður Sigurjón Eiðsson, Nesbala 11, gsm 856-6964 eidure@gmail.com

Jóhanna Einarsdóttir, Barðaströnd 21, hs. 588-5402 vs. 525-5569, jeinars@hi.is

Birna Helgadóttir, Bollagörðum 45, gsm 820-9491 birnahelga@gmail.com

Brynjúlfur Halldórsson, Tjarnarmýri 37, gsm 869-2567, brynjulfur@internet.is

Hlutverk

Skoða grunnnet hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu, kort af göngu- og hjólastígum höfuðborgarsvæðisins sem sveitarfélögin hafa látið vinna og uppfært reglulega. Skoða tengingar við Reykjavík. Leggja til drög að hjólreiðaáætlun sem ætlað er að skapa umhverfi sem hvetur til göngu- hjólreiða.

Oft á tíðum eru stígar byggðir sem útivistarstígar og uppfylla ekki eðlileg viðmið um greiðar og öruggar samgönguhjólreiðar.

Skoða þarf m.a.

- Hvernig er hægt að hvetja bæjarbúa til að njóta útivistar með endurnýjun göngu- og hjólastíga
- Breikkun og/eða nýir göngu- og hjólastígar eftir aðstæðum
- Hjólandi og gangandi vegfarendum verði auðveldað að komast leiðar sinnar
- Almenn hvatning til að efla hjólreiðar og göngu
- Umferðaröryggi

Til ráðgjafar og samstarfs

Stefán Eiríkur Stefánsson, bæjarverkfræðingur.

Þórður Ólafur Búason, skipulagsstjóri.

Umferðarráð.

Efni til hliðsjónar




Starfshópur samgönguráðs um grunnnet almenningsgangna og hjólreiðastíga mars 2011.

http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/umhverfissvid/myndir/skyrlsur/hjolreidaa_tlun.pdf

Skil til ábyrgðarmanns

Starfshópurinn skilar niðurstöðu til ábyrgðarmanns 30. september 2013.





SNEIDING 1:200
 SNIÐ A UM NESVEG